

Framtíðarsýn

Matvælastofnun stefnir á að vera til fyrirmyndað í umhverfis- og loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá öllum þáttum í starfsemi stofnunarinnar sem og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Matvælastofnun mun leggja sitt af mörkum til þess að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda vegna Parísarsamkomulagsins sé náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Matvælastofnun tryggir að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hennar sé fylgt og vinnur ávallt að umbótum er varðar umhverfisstarf stofnunarinnar.

Markmið

Matvælastofnun ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri stofnunarinnar um 30% fyrir árið 2030 miðað við árið 2021.

Matvælastofnun mun leggja áherslu á að minnka umhverfisspor af allri starfsemi og stuðla að aukinni vitund og fræðslu starfsmanna um umhverfis- og loftslagsmál.

Matvælastofnun leggur áherslu á að:

- Uppfylla fyrstu tvö grænu skrefin fyrir lok árs 2023
- Uppfylla skilyrði allra fimm grænu skrefanna fyrir lok árs 2024
- Innkaup stofnunarinnar verði byggð á innkaupastefnu ríkisins um vistvæn innkaup og að umhverfissvottaðar vörur og þjónusta verði valin umfram aðrar
- Starfrækja grænt bókhald er nær til allrar starfsemi stofnunarinnar
- Efla eftir því sem kostur er fjarfundamenningu

Gildissvið

Stefnan varðar allt starfsfólk og starfsstöðvar Matvælastofnunar.

Umfang

Loftslagsstefna nær til samgangna á vegum starfsmanna Matvælastofnunar, orkunotkunar við rekstur og samgöngur og úrgangsmála á öllum starfsstöðvum. Jafnframt skal stefnan höfð að leiðarljósi við ákvarðanir um innkaup, ræstingar, pappírnotkun og önnur þjónustukaup.

Eftirfylgni

Loftslagsstefna Matvælastofnunar er endurskoðuð árlega og árangur liðins árs metin. Niðurstöður græns bókhalds eru notaðar sem viðmið við endurskoðun stefnunnar. Loftslagsstefna og framkvæmd hennar er á ábyrgð forstjóra og yfirstjórnar stofnunarinnar. Teymi innan stofnunarinnar, Græna Teymið, ber ábyrgð á framkvæmd undirþátta stefnunnar eftir því sem við á.

Stefnan rýnd og samþykkt af yfirstjórn Matvælastofnunar 16. maí 2023